

Ed.

410. Frumvarp til laga

um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta hjá hverjum útsvarsgjaldanda í umdæmum sínum allt að 40% af upphæð þeirri, er hann greiddi í útsvar fyrir árið 1943, til greiðslu upp í útsvar hans 1944, með gjalddögum 1. marz til 1. maí 1944, eftir nánari reglum, er bæjar- og sveitarstjórnirnar setja, en ráðherra staðfestir.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1943, samkvæmt skattaframtali, en þær voru árið 1942, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvars-greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur numið 30% eða þar fram yfir.

2. gr.

Ef útsvar er ekki greitt á réttum gjalddögum samkvæmt reglum þeim, er settar verða samkv. 1. gr., skal gjaldþegn greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, unz útsvarið er greitt.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, er álagning útsvars 1944 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er, að aðalefni til, samhljóða lögum nr. 15 26. febr. 1943, er giltu um heimild til útsvarsinnheimtu á fyrri hluta þessa árs.

Heimildin var notuð í Reykjavík og a. m. k. í nokkrum öðrum kaupstöðum.

Í Reykjavík bar innheimtan mjög góðan árangur. Frá því lögin voru sett og til júlíbyrjunar, er innheimta álagðra útsvara hófst með venjulegum hætti, námu innheimt útsvör röskum 4 millj. króna, en þá fjárhæð hefði bæjarsjóður orðið að fá

sem rekstrarlán, umfram rekstrarlán, er tekið var, ef innheimtuheimildarinnar hefði ekki notið.

Varð þess ekki vart, að gjaldendur hefðu yfirleitt nokkur andmæli gegn innheimtu með þessum hætti, en margir létu beinlínis í ljós ánægju yfir því, að gjalddögum var með þessu móti fjölgað og lægri fjárhæð innheimt hverju sinni að sama skapi. Má óhætt fullyrða, að gjaldendur, og þó einkum launþegar, tóku breytingunni yfirleitt vel.

Rök fyrir slíkri löggjöf nú eru hin sömu og síðastl. vetur (Alpt. 1942—1943, A. þskj. 322), rekstrarfjárförf sveitar- og þó einkum bæjarfélaganna á fyrra missiri ársins, vegna þess að útsvörin falla ekki í gjalddaga samkv. gildandi lögum og samþykktum fyrr en á síðara missirinu.

Í frv. þessu eru þær breytingar gerðar á lögnum nr. 15/1943, að nú er lagt til, að heimildin verði takmörkuð við 40% af útsvari 1943 og vextir af endurgreiðslum samkv. 3. grein verði ákveðnir ½% á mánuði. Þá er og lagt til, að skýrar verði orðað gildandi ákvæði 3. greinar um, að gjaldandi eigi því aðeins kröfu til endurgreiðslu og vaxta, að álagt útsvar hans sé lægra að krónutölu heldur en greiðslan (fyrirframgreiðslan) samkv. lögum.

Vegna þess að útsvörin 1943 hafa yfirleitt verið lögð á með hliðsjón af verðlaginu, og í trausti þess, að verðlagið breytist ekki verulega á næsta ári, verður að vænta þess, að fjárhæð, er samsvarar allt að 40% af útsvarsupphæð þessa árs, nægi til þess að bæta úr brýnustu rekstrarfjárförf bæjanna á fyrra missiri næsta árs.

Það þykir óviðeigandi, að bæjar- eða sveitarfélögum sé refsað (ákvæði um dráttarvexti eru a. m. k. öðrum þræði refsiakvæði) fyrir að taka við lögboðnum greiðslum, enda þótt síðar komi í ljós, að greiðanda hafi ekki borið að greiða allt það, er hann greiddi. Þykir hæfilegt að endurgreiða gjaldanda það, sem hann kann að ofgreiða samkv. lögnum, með hæstu útlánsvöxtum.

Bæjarráð Reykjavíkur mælir í einu hljóði með, að löggjöf sem þessi sé nú sett.